

Meðferð persónuupplýsinga

Eitt af meginmarkmiðum Heimavalla er að stuðla að öryggi viðskiptavina sinna hvort sem um er að ræða leigutaka eða umsækjendur um íbúðir sem félagið hefur til útleigu. Eitt af hlutverkum Heimavalla sem leigusala er að velja góða leigutaka sem eru líklegir til að passa vel inn í það samfélag sem fylgir útleiguíbúðum Heimavalla.

Heimavellir vilja stuðla að því að leigutakar geti lifað í sátt og samlyndi án þess að hafa áhyggjur af því að nágrannar þeira taki ekki tillit til nærumhverfis síns eða annarra leigutaka.

Heimavellir og leigjendur félagsins undirgangast ákveðnar skyldur og skuldbindingar sem báðir aðilar þurfa að uppfylla. Heimavellir leggja áherslu á að geta þjónað leigjendum félgsins sem best í samræmi við þær skuldbindingar sem félagið undirgengst. Til að tryggja þetta sem best gerir félagið kröfu um ákveðnar upplýsingar þegar nýjir leigjendur sækja um íbúðir.

Gögn frá leigjendum eða umsækjendum sem Heimavellir vinna með

Í umsóknarferli um íbúðir sem Heimavellir hafa til útleigu skal umsækjandi leggja fram neðangreind skjöl/upplýsingar:

1. Lánshæfismat frá Creditinfo
2. Sakavottorð
3. Heimila uppflettingu á vanskilaskrá Creditinfo
4. Í sumum tilfellum sendir umsækjandi frekari upplýsingar í tölvupósti
5. Gögn sem leigutakar senda Heimavöllum í tölvupósti sem og upplýsingar sem fram koma í tölvupóstinum.
6. Gögn/upplýsingar sem fram koma í bréfpósti eða útprentuðum gögnum sem umsækjendur leggja fram.

Vinnsla gagna

1. Umsóknarferlið
2. Erindi frá leigutaka – t.d. viðhaldsbeiðni, erindi vegna vanskila leigutaka gagnvart Heimavöllum og ýmislegt annað.

„Heimavellir“ í neðangreindum texta stendur fyrir Heimavelli hf. sem og önnur dótturfélög sem Heimavellir hf. á eignast síðar meir.

Í tengslum við vinnslu umsókna um leiguíbúðir gera Heimavellir kröfu um að fá afhent persónugreinanleg gögn ([sjá fyrirvara við umsóknarferli](#)). Heimavellir leggja mikla áherslu á að leigja út vandaðar og leiguhæfar íbúðir til einstaklinga sem og lögaðila. Til að stuðla að öryggi og friðhelgi leigutaka sinnar leggja Heimavellir áherslu á að vanda val við leigutaka. Til að gæta lögmætra hagsmuna Heimavalla og leigutaka sinna þá óska Heimavellir eftir sakavottorði, lánshæfismati og öðrum upplýsingum til að meta hvort að leigutakinn muni standa í skilum og valda ekki nágrönnum sínum ónæði.

Komi ekki til þess að eignin verði leigð út til umsækjanda þá eru gögnin sem eru afhent Heimavöllum geymd í 4 ár frá afhendingu.

Komi til þess að eignin verði leigð út til umsækjanda í framhaldi af umsókninni geyma Heimavellir öll gögn/upplýsingar sem að eru afhent í upphafi umsóknarferilsins og verða til á meðan á leigusambandinu stendur í 4 ár eftir að leigusambandinu lýkur, (þ.e. Heimavellir fá aftur umráð yfir hinni leigðu eign).

Flokkun

1. Umsókn annaðhvort hafnað eða hún samþykkt.

Geymsla gagna

1. Geymsluviðmið Heimavalla byggja á lögfestum fyrningartíma almennra krafna, þ.e. allt að 10. ár (sjá lög nr. 150/2007).

Lögmætir hagsmunir

1. Til að tryggja að Heimavellir geti brugðist við og veitt leigutökum þá þjónustu sem þeim ber skylda til að veita skv. lögum þá þarf að tryggja að tekjur af leigugeiningunum séu nægar til að greiða fyrir verktaka, starfsmenn, efni o.fl. sem þarf að greiða fyrir til að tryggja að leigutakar fái þá þjónustu sem húsaleigulög kveða á um. veita þeim.
2. Til að stuðla að því að leigutakar þurfi ekki að óttast nærumhverfi sitt vegna óspekta eða ónæðis af hálfu annarra leigjenda Heimavalla er mikilvægt að félagið leitist eftir því að leigja til traustra aðila sem hafi sakaskrá sem tali fyrir því.

Réttur til að gleymast

Umsækjandi og eða leigutaki eiga rétt á því á því að gleymast, en Heimavellir áskilja sér þó rétt til að vista öll gögn í samræmi við geymsluviðmið félagsins (4. ár).

Réttur til að færa gögn

Umsækjandi og eða leigutaki á rétt til að láta færa sín persónulegu greinanlegu gögn til annars aðila. Heimavellir áskilja sér þó rétt til að vista öll gögn í samræmi við geymsluviðmið Heimavalla .

Réttur til að afturkalla samþykki

Umsækjandi og eða leigutaki á rétt á að afturkalla samþykki sitt. Heimavellir áskilja sér þó rétt til að vista öll gögn í samræmi við geymsluviðmið Heimavalla (4. ár). Sbr. 17. gr. og 6. gr.

Umsækjandi getur hvenær sem er á umsóknarferlinu afturkallað samþykki sitt, með því að „afturkalla umsókn“ (hér væri linkur inn á „afturköllun umsóknar“). Eftir að umsækjandi hefur afturkallað umsókn þá geyma Heimavellir öll skjöl og upplýsingar þar að lútandi inn á dulkóðuðum netþjóni í 4 ár.

Réttur til að fá upplýsingar um vinnslu gagna um sig og geymslu þeirra.

Umsækjandi og eða leigutaki á rétt á því að fá upplýsingar um þá yfirstandandi vinnslu á persónugreinanlegum gögnum um sig á meðan á vinnslunni stendur og geymslu þeirra hjá Heimavöllum.

Persónuverndarfulltrúi

Erlendur Kristjánsson, personuvernd@Heimavellir.is



Nytsamlegir tenglar

Umfjöllun persónuverndar um nýja persónuverndarlöggjöf 2018

<https://www.personuvernd.is/ny-personuverndarloggjof-2018/>

Heimavellir
23. maí 2018